

17. janúar 2022

Skýrsla um greiðslur fjarskiptafyrirtækja o.fl. vegna alþjónustu fyrir árin 2019-2020



EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	2
1.1. Almennt.....	2
1.2. Alþjónusta	2
1.3. Um fjárframlag vegna alþjónustu.....	5
1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds	6
1.4. Markaðsávinningur og fl.....	6
1.5. Umsóknir um framlög vegna ársins 2019.	6
1.6. Umsóknir um framlög vegna ársins 2020	7
2. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki	8
2.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2019	8
2.2. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2020	9
2.3. Yfirlit yfir greiðslur o.fl.....	10
2.4. Staða jöfnunarsjóðs alþjónustu.....	11



1. Inngangur

1.1. Almennt

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga vegna alþjónustu er innheimt jöfnunargjald sem rennur í ríkissjóð. Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til jöfnunarsjóðs alþjónustu sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af jöfnunargjaldi, sbr. 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, sbr. 29. gr. laga nr. 47/2018. (hér eftir fjarskiptalög). Í greinargerð með frumvarpinu er breytingunni lýst með eftirfarandi hætti.:

„Jöfnunargjaldi, sem greitt er í jöfnunarsjóð í vörslum Póst- og fjarskiptastofnunar, er ætlað að standa undir fjárframlögum til að tryggja alþjónustu samkvæmt ákvörðunum stofnunarinnar. Hér er lagt til að gjaldið, sem hingað til hefur runnið í jöfnunarsjóð, renni í ríkissjóð og viðkomandi verkefni verði fjármögnuð með framlagi í fjárlögum. Það leiðir af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum að einungis er heimilt að nýta fjármuni sem innheimtast samkvæmt þessum gjaldstofni í verkefni sem getið er í VI. kafla laga um fjarskipti. Við framkvæmd fjárlaga hvers árs ber að hafa þessar skuldbindingar í huga, en ella kann að stofnast endurgreiðslukrafa á hendur ríkissjóði, þ.e. sé gjaldinu ráðstafað úr ríkissjóði í aðra málaflokka.“

Samkvæmt 6. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal Fjarskiptastofa (hér eftir FST)¹ birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja á jöfnunargjaldi í ríkissjóð og skrifa greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft af því að veita þjónustuna. FST birtir nú í þrettánda sinn yfirlitsskýrslu um framlög fjarskiptafyrirtækja í ríkissjóð, ásamt yfirliti yfir þær skuldbindingar sem fallið hafa á ríkissjóð. Að þessu sinni tekur skýrslan til árána 2019 og 2020.

1.2. Alþjónusta

Við afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu þann 1. janúar 1998, varð til nýtt hugtak í fjarskiptarétti svokölluð alþjónusta. Með alþjónustu er leitast við að jafna aðgang landsmanna að tiltekinni lágmarks fjarskiptaþjónustu óháð búsetu. Núgildandi reglur um alþjónustu eru í VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og í reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.

FST er heimilt að útnefna einn aðila eða fleiri til þess að bjóða alþjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Með 3. gr. laga nr. 72/2018 voru gerðar breytingar á 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga. Með breytingunni var hugtakanotkun í tengslum við alþjónustu breytt með eftirfarandi hætti: „Til alþjónustu telst m.a. símaþjónusta og þjónusta við öryrkja eða notendur með

¹ Með lögum nr. 75/2021 var sett á fót ný stofnun sem tók við réttindum og skyldum Póst- og fjarskiptastofnunar að hluta. Til hægðarauka, verður eftir atvikum, í þessar skýrslu notast við hugtakið Fjarskiptastofa (FST) þegar fjallað er um atvik sem gerðust fyrir gildistöku laganna.



sérstakar samfélagslegar þarfir og gagnaflutningsþjónusta sem tryggir nothæfa internetþjónustu. Þjónustutegundir alþjónustu eru ekki bundnar tiltekinni tækni.“

Fjarskiptastofa skal áfram tryggja að notendur hafi aðgang að a.m.k. einni símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónustu um öll símanúmer. Fjarskiptastofa er heimilt að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um að setja upp og starfrækja almenningssíma og getur ákveðið staðsetningu þeirra. Ekki hefur verið talin ástæða til að viðhalda kröfu um útgáfu símarskrár, rekstur upplýsingasímaþjónustu eða starfrækslu almenningssíma, sbr. ákvörðun PFS nr. 31/2013 og 30/2013.

Þessu til viðbótar er kveðið á um það í 4. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 1356/2007, að notendur eigi að hafa aðgang að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala.

Í ákvörðun PFS nr. 30/2013 var hins vegar viðhaldið útnefningu Mílu ehf. til að veita tengingu við almenna fjarskiptanetið. Þeirri skyldu hefur verið viðhaldið síðan. Núgildandi ákvörðun er nr. 31/2017, „Útnefning Mílu með skyldu til að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið. Útnefningin gildir til 31. desember 2020, en með heimild til framlengingar til 31. desember 2022. Með bréfi stofnunarinnar til Mílu ehf., dags. 31. ágúst 2020, var Mílu tilkynnt um að kvöðin myndi gilda til 31. desember 2022. Míla leit á þessa tilkynningu sem sérstaka og kæránlega stjórnvaldsákvörðun sem félagið hefði ekki fengið að gæta andmælaréttar um. Að álitum FST var ekki um að ræða sjálfstæða stjórnvaldsákvörðun, heldur hafi verið um að ræða framkvæmd á fyrri ákvörðun nr. 31/2017 sem væri ekki lengur kæránleg. Úrskurðarnefnd féllst á sjónarmið PFS og vísaði kæru Mílu ehf. frá, sbr. úrskurður nefndarinnar nr. 4/2020², dags. 3. febrúar 2021.

Skyldum Mílu er lýst með eftirfarandi hætti í ákvörðunarorðum:

„1. Skylda til að útvega aðgang að tengingu

Míla ehf. skal útvega og viðhalda aðgangi að tengingu lögheimila og vinnustaða við almenna fjarskiptanetið um nettengipunkt, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu, nr. 1356/2007, sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003 og bera við það kostnað innan þeirra marka sem nemur ósanngjarnri byrði að teknu tilliti til markaðsávinninga, en þó að hámarki 650.000 kr. (án vsk.) fyrir hverja heimtaug.

Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000 kr. (án vsk.) skal Míla ehf. verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000 kr., auk almenns stofngjalds samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.

2. Landfræðileg afmörkun

Útnefningin nær til landsins alls, með þeim undantekningum sem fram koma í eftirfarandi töluliðum.

² <https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/stjornsysla/akvardanir-og-urskurdir/akvordun/%C3%9Arlausnir/4-2020>



2.1. Sveitarfélög sem tilgreind eru í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 11/2017 um afmörkun á alþjónustuskyldum Mílu ehf.

2.2 Mílu er heimilt að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um að félagið beri ekki lengur skylda til að veita alþjónustu innan tiltekins sveitarfélags, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. Hið staðbundna net í sveitarfélagi hefur a.m.k. 90% útbreiðslu til lögheimila og vinnustaða með heilsárs atvinnustarfsemi innan þess.

b. Tengihlutfall staðfanga (lögheimili/vinnustaðir) við net Mílu ehf. innan sveitarfélagsins er komið undir 50%.

Ef Póst- og fjarskiptastofnun gerir ekki athugasemd við tilkynninguna innan tveggja mánaða frá móttöku hennar frá Mílu telst hún samþykkt.

3. Tilkynningarskylda

Ef Míla hyggst hætta að veita fjarskiptaþjónustu undir formerkjum alþjónustu ber fyrirtækinu að tilkynna viðsemjendum sínum um fyrirætlun sína með a.m.k. 6. mánaða fyrirvara, ef fyrirtækið hyggst loka aðgangnetinu í viðkomandi sveitarfélagi.

4. Útnefningartímabil

Útnefning þessi gildir frá birtingu ákvörðunar til og með 31. desember 2020. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið til 31. desember 2022 með tilkynningu stofnunarinnar til Mílu þar að lútandi.

5. Áskilnaður um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að taka ákvörðunina upp á ný, ef forsendur breytast verulega, t.d. með nýrri lagasetningu og/eða breytingar á reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.

Ekki hefur komið til þess að greiða þyrfti Mílu sérstaklega úr ríkissjóði vegna þeirra skyldna sem hvíla á fyrirtækinu undir merkjum alþjónustu.

Þá er enn í gildi ákvörðun PFS nr. 17/2009 um skyldu Neyðarlínunnar til að veita alþjónustu vegna aðgangs að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala (neyðarsvörun) á sviði talsímaþjónustu. Útnefningin gildir á meðan Neyðarlínan ohf. er með samning við dómsmálaráðuneyti um rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar, sbr. 8. gr. laga um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008.

Með ákvörðun PFS nr. 9/2020 var Neyðarlínan ohf. útnefnd sem alþjónustuveitandi fjarskiptatenginga fyrir síma- og internetþjónustu í sérstökum tilvikum.



Þann 1. október 2020 hóf Síminn hf. lokun á PSTN kerfinu í fyrsta áfanga. Um er að ræða gamla rásaskipta talsímakerfið (PSTN) sem þjónað hefur landsmönnum síðast liðna áratugi. Notendur tengjast með koparþræði og nær kerfið til yfir 99% heimila í landinu. Í einstaka tilfellum eru heimili ekki með tengingu, s.s. ljósleiðara eða stutta koparheimtaug, sem getur borið stafræna símaþjónustu eða nothæfa internetþjónustu. Í þeim tilvikum þarf að tryggja slíka tengingu, t.d. yfir örbylgju, gervihnött eða með því að gera ráðstafanir til að móttaka og magna farsímamerki, ef þess hefur verið kostur. Við lokun Símans hf. á talsímakerfinu, sökum aldurs og ástands þess, er fyrir séð að nokkur heimili muni bætast við þann hóp heimila sem gera þurfi sérstakar ráðstafanir til að koma upp fjarskiptasambandi við. Í ákvörðun stofnunar var einnig tekið fram að samkvæmt spálíkönunum Símans hf., að þá var ekki fyrir séð að nein lögheimili og/eða vinnustaðir með heilsárs atvinnustarfsemi missi allt fjarskiptasamband við lokun talsímakerfisins í fyrsta áfanga.

Til að bregðast við þeirri stöðu sem framundan er var Neyðarlínuna ohf. útnefnd sem alþjónustuveitanda fjarskiptatenginga fyrir síma- og internetþjónustu í sérstökum tilvikum. Verður hlutverk Neyðarlínunnar að hafa umsjón með að slíkar tengingar verði settar upp ef þörf er á og að slíkt verði gert í samstarfi við önnur fjarskiptafyrirtæki eftir því sem kostur er.

Á árinu 2020 reyndi ekki á þessa skyldu Neyðarlínunnar.

1.3. Um fjárframlag vegna alþjónustu

Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar alþjónustuskýldur geta sótt um framlag til FST.

Til að standa straum af fjárframlagi til fjarskiptafyrirtækja er innheimt jöfnunargjald á bókfærða veltu fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu.

Jöfnunargjald sem skattstjórar leggja á og innheimta af fjarskiptafyrirtækjum er svokallaður veltuskattur, sbr. 22. gr. fjarskiptalaga.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga kveður á um gjaldstofn jöfnunargjalds, álagningarprósentu og endurskoðunarhlutverk FST. Ákvæðin hljóða svo:

„Skal jöfnunargjald lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,10% af bókfærðri veltu skv. 2. mgr. Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir ráðherra...“

Ofangreint ákvæði felur í sér skattlagningarheimild og skilgreinir gjaldanda, skatthlutfallið og skattstofninn. Skattstofninn er bókfærð velta, þ.e. rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi hér á landi.



1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds

Á árunum 2019-2020 var álagningarprósenta jöfnunargjalds 0,10% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. skal fjárbörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Fjarskiptastofu og niðurstaða þeirra endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf fyrir, lögð fyrir ráðherra.

1.4. Markaðsávinningur og fl.

Með lögum nr. 78/2005 var 21. gr. fjarskiptalaganna breytt á þann veg að ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og ósanngjörn byrði á fyrirtækinu geti það sótt um til FST að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. FST skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Í 11. gr. reglugerðar nr. 1356/2007 um alþjónustu eru settar nánari leiðbeiningar varðandi útreikning á kostnaði við alþjónustu.

Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rétt alþjónustuveitanda til að sækja um fjárframlög ef það tap sem er á þjónustunni er ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Þá er í 2. mgr. kveðið á um fyrir hvaða tíma þarf að vera búið að sækja um fjárframlög og í 3. mgr. er kveðið á um hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn um fjárframlag.

- greinargóð lýsing á þeirri starfsemi sem sótt er um framlag fyrir.
- nákvæmar upplýsingar um hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.
- greinargerð um á hvern hátt rekstrartapið er ósanngjörn byrði á fjarskiptafyrirtækinu.
- upplýsingar um hvernig bókhaldslegum aðskilnaði er háttað hjá fyrirtækinu, sbr. 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga.

1.5. Umsóknir um framlög vegna ársins 2019.

Með ákvörðun PFS nr. 7/2019 var Neyðarlínunni ohf. ákvarðað framlag úr sjóðnum fyrir árið 2019 að upphæð 45.700.000 kr. en umsókn Neyðarlínunnar ohf. hljóðaði upp á framlag að upphæð 78.289.112 kr. og eru þetta einu skuldbindingarnar sem féllu á sjóðinn á árinu 2019. Framlag til Neyðarlínunnar ohf. úr jöfnunarsjóði alþjónustu nam því 45.700.000 kr.



1.6. Umsóknir um framlög vegna ársins 2020

Með ákvörðun PFS nr. 4/2020 var Neyðarlínunni ohf. ákvarðað framlag úr sjóðnum fyrir árið 2020 að upphæð 50.800.000 kr. en umsókn Neyðarlínunnar ohf. hljóðaði upp á framlag að upphæð 82.528.399 kr. og eru þetta einu skuldbindingarnar sem féllu á sjóðinn á árinu 2020.

Með ákvörðun PFS nr. 4/2020 var framlag til Neyðarlínunnar ákvarðað 50.800.000 kr. til samræmis við heimild í fjárlögum. Með tölvupósti frá samgönguráðuneytinu, dags. 12. janúar 2021, óskaði ráðuneytið eftir því að 9 milljón kr. afgangi frá árinu 2019 yrði einnig ráðstafað til Neyðarlínunnar. Í ljósi þess að upphafleg beiðni Neyðarlínunnar hljóðaði upp á 82.528.399 kr. og með hliðsjón af stöðu sjóðsins var ákveðið að greiða þessar 9.000.000 kr. til Neyðarlínunnar. Samtals nam framlag til Neyðarlínunnar á árinu 2020 því 59.800.000 kr.

Eftir 2020 er ekki gert ráð fyrir því að þeir fjármunir sem koma í gegnum jöfnunargjald, sem frá árinu 2018 hafa runnið í ríkissjóð, verði notaðir til að fjármagna neyðarsímsvörun. Í stað þess er gert ráð fyrir að rekstur neyðarsímsvörunar verði nú að fullu fjármagnaður úr ríkissjóði. Í samræmi við hið breytta fyrirkomulag sótti Neyðarlínan ekki um framlag vegna neyðarsímsvörunar, innan alþjónustu, vegna ársins 2021.



2. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki

Neðangreindar upplýsingar eru unnar úr gögnum frá Fjársýslu ríkisins og sýna álagningu, breytingar, afskriftir, innheimtu og eftirstöðvar fyrir árin 2019 og 2020.

2.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2019

Tafla 1

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2018	Álagning 2019	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2019
450314-1020	1819 - Nýr valkostur ehf.	0		(408.007)		408.007	0
480702-2390	365 miðlar hf.	204.506				(204.506)	0
590269-7199	Advania Ísland ehf.	10.214	143.402			(153.616)	0
581208-0490	Alterna Tel ehf.	11.500					11.500
710317-0460	Alza ehf.	0	30.478			(30.478)	0
650612-1160	Austurljós ehf.	0	2.864			(2.864)	0
690197-3169	Ábótinn ehf.	0	16.737			(16.737)	0
540710-1120	Backbone ehf.	16.862					16.862
481188-1219	Brinnrún ehf.	0	13.716			(13.716)	0
580204-3090	BT Solutions Ltd, útibú Íslandi	0	30.169			(30.169)	0
590117-1880	Dalaveitur ehf.	0	342			(342)	0
620399-2219	DVD-Margmiðlun ehf.	3.546	26.271			(29.817)	0
690393-2989	Eignafélag Tölvunar ehf.	0	568			(568)	0
511203-2950	Farice ehf.	0	1.411.110			(1.411.110)	0
470714-1230	Fjarskiptafélag Mývatns sveitar	0	9.559			(9.559)	0
570114-1070	Fjarskiptafélag Skagabyggð ehf.	0	1.797			(1.797)	0
450712-0510	Fjarskiptafélag Skeiða og Gehf	0	11.326			(11.326)	0
570899-2289	Fjölnet hf.	0	31.671			(31.671)	0
551100-3240	Furusteinn ehf.	79.080					79.080
650414-1520	Gagnaveita Helgafellssveit ehf.	0	1.495			(1.495)	0
410801-2480	Gagnaveita Hornafjarðar ehf.	0	4.205			(4.205)	0
691206-3780	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	0	2.655.346			(2.655.346)	0
520911-1620	Gagnaveita Suðurlands ehf.	0	38.784			(38.784)	0
580210-0150	Gagnaveitan ehf.	0	15.456			(15.456)	0
641193-2249	Global Mission Network ehf.	18.021					18.021
560608-2090	GlobalCall ehf.	14.776	106.979			(121.755)	0
490413-2510	Halló ehf.	0		(9.986)		9.986	0
601299-4539	Hljóðmárin ehf.	0	22			(22)	0
640309-0670	Hringdu ehf.	148.046	1.078.471			(1.226.517)	0
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	0	102.612			(102.612)	0
530516-0320	Húnanet ehf.	0	10.303			(10.303)	0
660595-2449	Internet á Íslandi hf.	0	298.009			(298.009)	0
620600-3690	IMC Ísland ehf.	0	34.500	29.791		(64.291)	0
550210-0370	Isavia ohf.	0	6.636			(6.636)	0
550609-0290	Ljós og gagnaleiðari ehf.	0	2.640			(2.640)	0
611116-0200	Ljósfesti ehf.	0	707			(707)	0
710304-3940	Magnavík ehf.	0	11.500			(9.056)	2.444
460207-1690	Míla ehf.	0	5.816.295			(5.816.295)	0
451101-2930	Nepal hugbúnaður ehf.	0	13.800			(6.842)	6.958
690416-3520	Nordie Networks ehf.	0	4.800			(4.800)	0
531205-0810	Nova ehf.	957.748	6.628.260			(7.586.008)	0
511095-2559	Neyðarlínan ohf.	0	312.162	1.088.525		(1.400.687)	0
630316-3320	Opex upplýsingatækni ehf.	3.167				(3.167)	0
420103-2040	Opin kerfi hf.	14.727	65.588			(80.315)	0
530292-2079	Origo hf.	0		221.133		(221.133)	0
561000-3520	Orku fjarskipti hf.	0	446.072			(446.072)	0
540199-2569	Premis ehf.	2.621				(2.621)	0
440789-5529	Rafey ehf.	0	13.578			(13.578)	0
600307-0450	Ríkisútvarpið ohf.	17.336	118.103			(135.439)	0
460207-0880	Siminn hf.	0	15.763.868			(15.763.868)	0
430197-2319	Snerpa ehf.	0	72.098			(72.098)	0
470905-1740	Sýn hf.	1.227.008	10.322.451			(11.549.459)	0
660702-2880	Tengir hf.	56.373	365.279			(421.652)	0
610916-0230	Tech Support á Íslandi ehf.	0	24.056			(13.068)	10.988
591007-1140	Thor Telecom Ísland ehf.	14.375		(14.375)			0
700895-2549	TRS ehf.	0	234.991			(234.991)	0
571201-2670	TSC ehf.	0	5.383			(5.383)	0
411199-2749	Bekking - Tristan hf.	0	91.997			(91.997)	0
		2.799.906	46.396.456	907.081	0	(49.957.590)	145.853



2.2. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2020

Tafla 2

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2019	Álagning 2020	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2020			
480702-2390	365 hf.			11.031	(11.031)	0			
590269-7199	Advania Ísland ehf.		137.833		(137.833)	0			
581208-0490	Alterna Tel ehf.	11.500					11.500			
710317-0460	Alza ehf.		25.832		(25.832)	0			
650612-1160	Austurljós ehf.			1.965	(1.965)	0			
690197-3169	Ábótinn ehf.		12.105		(12.105)	0			
540710-1120	Backbone ehf.	16.862			(16.862)	0			
580204-3090	BT Solutions Ltd, útibú Íslandi		31.636		(31.636)	0			
431115-0340	CenturyLink Communications ehf.		4.157		(4.157)	0			
590117-1880	Dalaveitur ehf.		242		(242)	0			
620399-2219	DVD-Margmiðlun ehf.		26.271		(26.271)	0			
690393-2989	Eignafélag Tölvunar ehf.		744		(744)	0			
511203-2950	Farice ehf.		1.453.474		(1.453.474)	0			
470714-1230	Fjarskiptafélag Mývatnssveitar		11.419		(11.419)	0			
570114-1070	Fjarskiptafélag Skagabyggð ehf.		1.712		(1.712)	0			
450712-0510	Fjarskiptafélag Skeiða og Gehf		8.880		(8.880)	0			
551100-3240	Furusteinn ehf.	79.080					79.080			
650414-1520	Gagnaveita Helgafellssveit ehf.		1.880		(1.880)	0			
410801-2480	Gagnaveita Hornafjarðar ehf.		9.084		(9.084)	0			
691206-3780	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.		3.133.955		(3.133.955)	0			
520911-1620	Gagnaveita Suðurlands ehf.		37.354		(37.354)	0			
580210-0150	Gagnaveitan ehf.		14.884		(14.884)	0			
641193-2249	Global Mission Network ehf.	18.021					18.021			
560608-2090	GlobalCall ehf.		40.295		(40.295)	0			
601299-4539	Hljóðsmárin ehf.		4.780		(4.780)	0			
640309-0670	Hringdu ehf.		1.165.819		(1.165.819)	0			
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.		76.895		(76.895)	0			
530516-0320	Húnanet ehf.		5.164		(5.164)	0			
660595-2449	Internet á Íslandi hf.		326.349		(326.349)	0			
620600-3690	IMC Ísland ehf.		79.761	(20.476)	(59.285)	0		
550210-0370	Isavia ohf.		7.165		(7.165)	0			
510117-0260	Leiðarljós ehf.		3.556		(3.556)	0			
680314-1010	Lif í Mýrdal ehf.		2.754		(2.754)	0			
550609-0290	Ljós og gagnaleiðari ehf.		3.047		(3.047)	0			
611116-0200	Ljós festi ehf.		693		(693)	0			
710304-3940	Magnavík ehf.	2.444	3.150	(11.479)	(5.885)	0		
460207-1690	Míla ehf.		5.917.043		(5.917.043)	0			
451101-2930	Nepal hugbúnaður ehf.	6.958		(9.751)	(2.793)	0		
531205-0810	Nova ehf.		7.883.088		(6.195.152)	1.687.936			
440516-0920	Netvöktun ehf.		32.830		(32.830)	0			
511095-2559	Neyðarlinan ohf.		312.162		(312.162)	0			
420103-2040	Opin kerfi hf.		53.292		(53.292)	0			
561000-3520	Orku fjarskipti hf.		469.416		(469.416)	0			
500393-2389	Parking Plus ehf.		130		(130)	0			
540199-2569	Premis ehf.		35.318		(17.659)	17.659			
440789-5529	Rafey ehf.		13.448		(13.448)	0			
600307-0450	Ríkisútvarpið ohf.		123.407		(101.859)	21.548			
460207-0880	Siminn hf.		15.383.571		(15.383.571)	0			
430197-2319	Snerpa ehf.		85.057		(85.057)	0			
470905-1740	Sýn hf.		9.774.830		(9.774.830)	0			
660702-2880	Tengir hf.		421.811		(421.811)	0			
610916-0230	Tech Support á Íslandi ehf.	10.988	34.093		(36.214)	8.867			
700895-2549	TRS ehf.		256.144		(256.144)	0			
411199-2749	Þekking - Tristan hf.		77.958		(77.958)	0			
		145.853	47.504.488	(28.710)	(16.862)	(45.760.158)	1.844.611



2.3. Yfirlit yfir greiðslur o.fl.

Í töflu 3 er yfirlit yfir álagningu, breytingu, afskriftir, innheimtu og stöðu hvers árs:

Tafla 3

Ár	Est. í ársb.	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. í árslok
Árið 2000		13.931.078			(9.818.302)	4.112.776
Árið 2001	4.112.776	14.860.992			(6.596.238)	12.377.530
Árið 2002	12.377.530	52.479.301	(5.489.029)	(66)	(40.900.639)	18.467.097
Árið 2003	18.467.097	51.436.749	(54.338.594)	(138.000)	(9.211.753)	6.215.499
Árið 2004	6.215.499	32.123.869	(12.465.059)	(690)	(25.330.489)	543.130
Árið 2005	543.130	30.906.483	(2.282.680)		(19.037.593)	10.129.340
Árið 2006	10.129.340	30.791.689	(9.715.385)		(27.661.746)	3.543.898
Árið 2007	3.543.898	24.179.956	(10.805.553)		(16.338.390)	579.911
Árið 2008	579.911	38.854.117	9.746.550		(48.466.272)	714.306
Árið 2009	714.306	259.543.168	(1.067.437)	(28.350)	(253.612.549)	5.549.138
Árið 2010	5.549.138	43.943.176	17.231.410	(3.360)	(46.584.109)	20.136.255
Árið 2011	20.136.255	39.219.961	(15.473)	(10.411)	(59.244.277)	86.055
Árið 2012	86.055	42.055.975	3.898.098	(4.440)	(45.570.932)	464.756
Árið 2013	464.756	44.427.855	(258.650)	(24.671)	(44.345.968)	263.322
Árið 2014	263.322	45.374.312	181.807	(35.363)	(45.144.628)	639.450
Árið 2015	639.450	46.534.916	3.920	(27.151)	(46.635.676)	515.459
Árið 2016	515.459	47.168.921	(12)		(47.024.812)	659.556
Árið 2017	659.556	46.998.506	(857.361)	(66.958)	(46.064.874)	668.869
Árið 2018	668.869	46.578.132	(79.228)		(44.367.867)	2.799.906
Árið 2019	2.799.906	46.396.456	907.081		(49.957.590)	145.853
Árið 2020	145.853	47.504.488	(28.710)	(16.862)	(45.760.158)	1.844.611
		1.045.310.100	(65.434.305)	(356.322)	(977.674.862)	



Greidd framlög hafa verið eftirfarandi síðustu 21 árin samkvæmt gögnum FST. Neyðarlínan hefur fengið meginhluta framlagsins vegna reksturs neyðarþjónustu en Síminn hefur einu sinni fengið framlag. Til skýringar er rétt að geta þess að kostnaður vegna alþjónustu, sbr. sú skylda sem hvílir í dag á Neyðarlínunni um neyðarsímsvörðun, hefur á undanförunum árum verið hærri en það jöfnunargjald sem fjarskiptafyrirtæki greiða í ríkissjóð vegna alþjónustu, sbr. 2. og 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga.

Tafla 4

Ár	Framlög
Árið 2000.....	18.618.302
Árið 2001.....	20.496.000
Árið 2002.....	20.496.000
Árið 2003.....	23.889.600
Árið 2004.....	26.735.628
Árið 2005.....	25.440.000
Árið 2006.....	25.440.000
Árið 2007.....	192.921.277
Árið 2008.....	30.100.000
Árið 2009.....	33.371.618
Árið 2010.....	38.230.601
Árið 2011.....	41.900.000
Árið 2012.....	46.313.868
Árið 2013.....	55.802.000
Árið 2014.....	55.959.000
Árið 2015.....	58.980.000
Árið 2016.....	59.488.798
Árið 2017.....	64.763.629
Árið 2018.....	54.637.608
Árið 2019.....	45.700.000
Árið 2020.....	59.800.000
	<u>999.083.929</u>

2.4. Staða jöfnunarsjóðs alþjónustu

Á árinu 2017 eins og fram kemur í kafla I varð sú breyting að jöfnunarsjóður var lagður niður sem sérgreindur sjóður. Eftir breytinguna rennur álagt jöfnunargjald á fjarskiptafyrirtæki nú beint í ríkissjóð en á móti er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði þann kostnað sem til fellur vegna alþjónustu sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af jöfnunargjaldi.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2019, sem er þriðja árið sem hinar nýju reglur eru í gildi, voru tekjur skv. framlagi ríkissjóðs 54,7 millj. kr. og framlög og tilfærslur 45,7 millj. kr. og því varð afkoma ársins jákvæð um 9,0 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign 9,0 millj. kr. og eignir námu samtals 9,0 millj. kr.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2020, sem er fjórða árið sem hinar nýju reglur eru í gildi, voru tekjur skv. framlagi ríkissjóðs 50,8 millj. kr. og framlög og tilfærslur 59,8 millj.



kr. og því varð afkoma ársins neikvæð um 9,0 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign 0 millj. kr. í árslok og eignir samtals 9,0 millj. kr.

Árið 2020 var því síðasta árið þar sem ríkissjóður nýtti sér uppsafnað jöfnunargjald, þ.e. útgreiðslur á árunum 2011-2018 voru hærrí en inngreiðslur, sbr. heimild í 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga um að færa mismun á milli ára.

3. Lokaorð

Stjórnvöld hafa nú ákveðið að fjármagna neyðarsímsvörun eingöngu úr ríkissjóði, en ekki að hluta með greiðslum frá fjarskiptafyrirtækjum, með álögðu jöfnunargjaldi á fyrirtæki á fjarskiptamarkaði. Álagningarprósenta jöfnunargjalds er hins vegar ennþá í lögum um fjarskipti, sbr. 2. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga. Gjaldið hefur því verið lagt á fjarskiptamarkaðinn á árinu 2021, og innheimt. Að óbreyttu verður því að gera ráð fyrir að ríkið þurfi mögulega að endurgreiða álagt jöfnunargjald til greiðanda, sbr. þó heimild í 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga um tilfærslur á milli ára.

Eins og vikið er að hér að ofan hefur Neyðarlínan ohf. verið útnefnd sem alþjónustuveitandi fjarskiptatenginga fyrir síma- og internetþjónustu í sérstökum tilvikum sbr. ákvörðun PFS nr. 9/2020. Ástæða þess er fyrst og fremst lokun Símans hf. á PSTN kerfinu, sem hófst 1. október 2020. Hlutverk Neyðarlínunnar er þá að tryggja fjarskiptasamband hjá þeim aðilum sem missa sínar fjarskiptatengingar við lokun PSTN kerfisins. Gert er ráð fyrir að Neyðarlínan taki saman þann kostnað sem fyrirtækið verður fyrir vegna kvaðarinnar og sækji um framlag vegna þessa fyrir 1. apríl, ár hvert, vegna rekstrarársins á undan.

Í dag liggur ekki fyrir hve mörg lögheimili og/eða fyrirtæki muni missa sínar fjarskiptatengingar við lokun PSTN kerfisins. Mögulegur kostnaður við að koma þeim aftur á, í samræmi við reglur um alþjónustu er því óljós.